



BRAUN

ThermoScan® 7+

Eyrnahitamælir



IRT6525



Sum vörumerki eru notuð með leyfi frá The Procter & Gamble Company og hlutfeildarfélagum þess.
ThermoScan® og Age Precision® eru skrásett vörumerki Helen of Troy Limited og/eða hlutfeildarféлага þess.



Helen of Troy Company
Place Chauderon 18
CH-1003 Lausanne - Sviss



Dreifing:

Donna ehf, Móhella 2, 221 Hafnarfjörður.
S. 555 3100 e-mail donna@donna.is
www.donna.is

© 2021, Öll réttindi áskilin.

www.BraunHealthcare.com/uk_en/

Einkaleyfi: www.kaz.com/patents/braun

Framleitt í Mexíkó

REF IRT6525MNLA

P/N: A004432R2
16DEC20

Vörulýsing (sjá bls. 1)

- 1 Einnota hreinlætishetta (20 stk í kassa fylgja)
- 2 Endi nema
- 3 Nemi
- 4 Hitamælingarljós (ExacTemp®)
- 5 Hreinlætishettulosari
- 6 Skjár
- 7 Aldursstilling (Age Precision®) og næturhamur/leifturljóssnappar
- 8 Rofi
- 9 Ræsihnappur
- 10 Lok á rafhlöðuhólf (2 X 1.5V rafhlöður af AA-gerð (LR6))
- 11 Hlíðarhylki

Tilætluð notkun og frábendingar

Braun ThermoScan®-eyrnahitamælirinn er ætlaður til notkunar heima fyrir til að mæla með hléum hita hjá sjúklingi á aldri sem nær frá fullgengnum nýbura með eðlilega þyngd upp í aldrað fólk. Þessi hitamælir er ekki ætlaður til notkunar á sjúkrahúsum í faglegu starfsumhverfi heldur aðeins til notkunar heima við.

Aldurstillingarkosturinn er ekki ætlaður fyrirburum eða smáum nýburum miðað við meðgöngutíma.

Þessi hitamælir er ekki ætlaður til að túlka lághita.

Leyfið ekki börnum yngri en 12 ára að mæla hita án eftirlits.

Viðvaranir og öryggisatriði

- Hafðu vinsamlegast samband við lækni ef þú sérð einkenni á borð við óútskýranlegan pírning, uppköst, niðurgang, breytingar á matarlyst eða virkni, flog, vöðvaverki, skjálfta, stífan háls, sársauka við þvaglát, o.s.frv., jafnvel þótt enginn hiti sé til staðar.
- Hafðu vinsamlegast samband við lækni ef hitamælirinn sýnir háan hita (gult eða rautt bakljós).

Notkunarhitastig þessa hitamælis er 10 – 40 °C. Látið hitamælinn ekki komast í tæri við jarðarhitastig (undir – 25°C eða yfir 55°C) eða jarðarrakastig (>95% RH).

Pennan hitamæli ber einungis að nota með ekta einnota hreinlætishettum frá Braun ThermoScan (LF 40).

Notaðu alltaf nýja og hreina hreinlætishettu til að koma í veg fyrir ónákvæmar mælingar.

Ef hitamælirinn er fyrir slýsni notaður án hreinlætishettu hreinsaðu þá linsuna (sjá kaflann „Umhirða og hreinsun“). Geymið hreinlætishettur þar sem börn ná ekki til.

Þessi hitamælir er einungis ætlaður til notkunar heima við. Þessi vara er ekki ætluð til að greina neinn sjúkdóm heldur er aðeins nýtsamt tæki til að kanna líkamshita. Notkun þessa hitamælis er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir samráð við lækni.

Breyttu ekki þessum búnaði án leyfis framleiðanda.

Foreldrar/forráðamenn ættu að kalla til lækni um leið og þeir sjá einhver óvanaleg merki eða sjúkdómseinkenni. Barn með pírning, uppköst, niðurgang, breytingar á matarlyst eða virkni, jafnvel þótt enginn hiti sé til staðar, eða hefur óvenjulega lágan líkamshita, getur til dæmis þurft á lækni aðstoð að halda.

Sjúkdómsástand barna á sjálflyfjum, verkjalyfjum eða hitalækkandi lyfjum ætti ekki að meta eftir niðurstöðum hitamælinga einvörðungu.

Hækkun líkamshita gefin til kynna í samræmi við aldurstillinguna (Age Precision) getur bent til alvarlegra veikinda, einkum og sér í lagi hjá fólki sem orðið er aldurhnið, veikburða, hefur veiklað ónæmiskerfi, eða hjá nýburum og ungbörnum. Leitaðu vinsamlegast ráða hjá fagfólki þegar í stað þegar um hitahækkun er að ræða, eða þegar þú ert að mæla hita hjá:

- nýburum eða ungbörnum undir þriggja mánaða aldri (hafðu strax samband við lækni ef hitinn fer yfir 37.4 °C)
- sjúklingum yfir sextugu

- sjúklingum með sykursýki eða veiklað ónæmiskerfi (t.d. vegna eyðni, krabbameinsmeðferðar, langvarandi sterameðferðar, miltisnáms)
 - sjúklingum sem eru rúmfastir (t.d. á hjúkrunarheimilum, hafa fengið heilablóðfall, eru með langvarandi sjúkdóm eða að jafna sig eftir uppskurð)
 - líffæraþegum (t.d. lífrar-, hjarta-, lungna-, eða nýrnaþegum)
- Hiti getur verið bældur eða jafnvel enginn hjá eldri sjúklingum.

Þessi hitamælir er búinn smáhlutum sem hægt að gleypa eða geta valdið köfnunarhættu hjá börnum. Geymið hitamælinn ávallt þar sem börn ná ekki til

Aldurstillingarskjár með litakóða

Klínískar rannsóknir sýna að sótthitastig breytist eftir því sem nýburar verða börn og börn verða fullorðið fólk.

Braun-aldurstillingarskjárinn með litakóða eyðir öllum gétgátum um sótthita í fjölskyldunni.

Notaðu einfaldlega aldurstillingarhnappinn til að velja réttan aldur. Mældu síðan hitann og litakóðaskjárinn verður grænn, gulur eða rauður og hjálpar þér til að skilja niðurstöður mælingarinnar.

¹ Herzog L, Phillips S. Addressing Concerns About Fever. Clinical Pediatrics. 2011; 50(5): 383-390.

Notkunarleiðbeiningar fyrir Braun ThermoScan®

1. Taktu hitamælinn úr hlífðarhylkinu.

2. Ýttu á rofann. 

Meðan innri sjálfspöfun á sér stað sýnir skjárinn alla virknisþætti. Síðan birtist síðasta mælda hitastig í 5 mínútur.

3. Hreinlætishettuvísirinn blikkar til að gefa til kynna að það vanti hettu.

Til að tryggja nákvæma mælingu skaltu ganga úr skugga um að ný og hrein hreinlætishetta sé á sínum stað áður en mælt er hverju sinni. Festu hreinlætishettuna með því að þrýsta nemanum beint inn í hettuna í kassanum og dragðu hann síðan út.


Ath!: Braun ThermoScan virkar ekki nema að hreinlætishetta hafi verið fest á hann.

4. Veldu aldur með aldurstillingarhnappnum  (Age Precision) eins og sýnt er hér að neðan.


Ýttu á hnappinn til að skipta um aldurshóp.

Ath!: Þú verður að velja aldur til þess að mæla.


0-3 mánaða




3-36 mánaða




36 mánaða-
fullorðnir



Hitamælirinn er tilbúinn til mælingar þegar skjárinn lítur út eins og sýnt er að neðan.



5. Stingdu nemanum þétt inn í hlustina og beindu honum að gagnaganan hinum megin. Styddu síðan á ræsinnappinn og slepptu honum.





6. Hitamælingarljósið (ExacTemp®) blikkar meðan á hitamælingunni stendur. Ljósið lýsir síðan stöðugt í 3 sekúndur til að sýna að tekist hafi að mæla hitann.

Ath: Hafi nemanum verið stungið rétt inn í hlustina þegar mælt er heyrst langt píphljóð sem gefur til kynna að mælingunni sé lokið.

Hafi nemanum ekki verið stungið rétt inn í hlustina þegar mælt er heyrst röð stutta píphljóða um leið og hitamælingarljósið (ExacTemp®) slokknar og skjárin sýnir „villuboð“ (ERROR + hreyfimynd um stöðuvillu = nemi í rangri stöðu).

Frekari upplýsingar í kaflanum „Villur og lausnir“



7. Staðfestingarpípið gefur til kynna að nákvæm hitamæling hafi verið gerð. Niðurstaðan birtist á skjánum. Hitatölurnar sem birtast eru jafngildar hita mældum í munni.





Aldursbil	Grænt Eðlilegur hiti	Gult Sóthiti	Rautt Hár Sóthiti
0-3 mánaða	≥35.8 – ≤37.4 °C		>37.4 °C
3-36 mánaða	≥35.4 – ≤37.6 °C	>37.6 – ≤38.5 °C	>38.5 °C
36 mánaða - fullorðins	≥35.4 – ≤37.7 °C	>37.7 – ≤39.4 °C	>39.4 °C

8. Til að gera næstu mælingu þá ýtirðu á losunarhnappinn til að fjarlægja notuðu hreinlætishettuna og setja nýja hettu á.

ATH: Síðasta mæling birtist sjálfvalin ef þú breytir því ekki. Braun ThermoScan-eyrnámælirinn slekkur sjálfkrafa á sér ef hann er ekki notaður í 60 sekúndur. Einnig er hægt að slökva á mælinum með því að þrýsta á rofann.

OFF birtist sem snöggvast á skjánum sem síðan verður auður.



Vísbendingar um hitamælingu

Settu nýja einnota hreinlætishettu á fyrir hverja mælingu til þess að viðhalda nákvæmni og hreinlæti og til að koma í veg fyrir víxlmengun. Eyrnarmgur eða óhreinindi á enda hreinlætishettunnar, jafnvel örþunnt lag, geta orðið að hindrun milli nemans og innrauða hitans sem eyrað sendir frá sér og haft áhrif á nákvæmni mælingarinnar.

Ytri þættir eins og röng ísetning nema, notuð hreinlætishetta eða óhreinindi á enda nemans geta haft áhrif á hitamælingar í eyra.

Klínískar athuganir hafa leitt í ljós að mismunandi verkgag getur haft áhrif á nákvæmni og áreiðanleika mælinga með eyrnarmælinum. **Rétt ísetning nemans er grundvallarskilýrði fyrir áreiðanlegum mælingum.** Hitastig í hægri og vinstra eyra er mismunandi; berðu ávallt saman mælingar úr sama eyra. Eðlilegur líkamlegur mismunur kann að vera allt að 0,2 °C. Ef villandi þættir eru ekki til staðar og um hááhættuhópa er að ræða (eins og ungbörn og ónæmisbælt fólk) þá skaltu taka hærri töluna af báðum til að meta ástand sjúklingsins.

Í eftirfarandi tilvikum skaltu bíða í 20 mínútur áður en þú mælir: Afar miklar breytingar á stofuhita, viðkomandi er með heyrnartæki eða liggur með höfuð á koddra. Ef eyrnadropar eða önnur lyf hafa verið sett í aðra hlustina mældu þá í hinu eyranu.

Næturhamur

Stíll er á næturham með því að þrýsta á þennan hnapp. Ef aftur er þrýst aftengist næturhamurinn –hljóð fer á en blikkljósið slokknar. Næturhamur er virkur þar til hitamælirinn fellur í dvala eftir tiltekna bið eða stutt er á rofann. Þegar aftur er kveikt á hitamælinum fer hann í eðlilegan ham.

Í næturham þagna öll hljóðmerki, næturhamstáknið birtist á skjánum og blikkljósið kviknar. Þegar mælingu er lokið blikkar ljósið tvisvar og logar síðan áfram.

Næturhamurinn er virkur uns þrýst er á næturhamshnappinn eða slökkt á tækinu.

Kveikt á skjáljósi


Hitamælirinn er búinn hentugu náttljósi til að lýsa upp skjáinn ef birta er ónóg.

Ljósið kviknar þegar þú þrýstir á hnappinn. Það logar þar til hitamælirinn hefur verið óvirkur í 15 sekúndur, jafnvel eftir að mælt hefur verið.


Síðasta mæling kölluð fram

Síðasta mæling er sýnd meðan kviknar á mælinum.

Eftir það er síðasta mæling sýnd í efra hægra horninu á skjánum með 'M' við hlið sér.




Minnið í efra hægra horninu uppfærast á nýju mæliniðurstöðuna þegar þrýst er í fyrsta skipti á hnapp eftir að mælingu er lokið.



Stíllt á sjálfvalinn aldurshóp

Þér gefst kostur á að stilla á sjálfvalinn aldurshóp, þannig að þegar kveikt er á mælinum fer hann sjálfkrafa á þá stillingu í stað þess að það þurfi að endurstilla hann í hvert skipti sem hann er ræstur.


- Meðan enn er slökkt er á tækinu haltu þá bæði rofa og aldursstillingarhnappnum (AgePrecision) inni í 4 sekúndur. Við það verður bakljósið gult og þá geturðu sleppt hnöppunum.
- Öll aldurstáknin blikka stöðugt uns þrýst er á aldursstillingarhnappinn.
- Þrýstu á aldursstillingarhnappinn, 0 - 3 mánaða tákníð fyllist og blikkar en hin táknin eru tóm. Ef þrýst er aftur tekur 3 - 36 mánaða tákníð að blikka. Ef þrýst er þriðja sinni fer 36+ mánaða tákníð að blikka. Þessi röð heldur áfram í hvert skipti sem þrýst er á hnappinn það heyrir pip í hvert skipti sem þrýst er á hnappinn.
- Ef ekki er þrýst á hnappinn í 3 sekúndur helst sýnt tákn á skjánum og pip heyrir. Tækið slekkur á sér. Þegar kveikt er á því aftur hefur verið stíllt á sjálfvalinn aldurshóp. Þetta sjálfval helst óbreytt uns rafhlöðurnar eru teknar úr og settar aftur í.



Breytt úr Celsius í Fahrenheit

Braun ThermoScan-mælirinn kemur frá framleiðanda með Celsius-mælikvarðann (°C) virkan. Viljið þú breyta yfir á Fahrenheit (°F) og/þá aftur frá Fahrenheit á Celsius þá gerirðu eftirfarandi:

- Gakktu úr skugga um að slökkt sé á hitamælinum.
- Þrýstu á rofann (Power) og haltu honum niðri. Eftir um 3 sekúndur birtist á skjánum eftirfarandi stafaröð: °C / SET / °F / SET.
- Slepptu rofanum þegar sá hitamælikvarði sem óskað er birtist. Piphljóð heyrir til að staðfesta nýju stillinguna. Síðan slekkur mælirinn á sér sjálfkrafa.



Umhirða og þrif

Endi nemans er viðkæmasti hluti hitamælisins. Hann þarf að vera hreinn og heill til þess að tryggja rétta mælingu. Ef mælirinn er einhvern tíma notaður óviljandi án hreinlætishettunnar, skaltu hreinsa hann á eftirfarandi hátt:

Strjúktu yfirborð hans afar varlega með bómullarhnoða eða mjúkum klút vættum í spritti. Þegar sprittið hefur þornað að fullu geturðu sett nýja hreinlætishettu á og mælt hitann.

Ef neminn er skaddaður hafðu þá vinsamlegast samband við viðskiptavinaþjónustuna.

Notaður mjúkan og þurrar klút til að hreinsa skjá og ytra borð mælisins. Notaðu ekki ætandi hreinsiefni. Sökktu hitamælinum aldrei í vatn eða annan vökva. Geymdu mælinn og hreinlætishetturnar á þurrum stað lausum við ryk og mengun og í skjóli frá sólarljósi.



Skipt um rafhlöður

- Settu nýjar rafhlöður í þegar rafhlöðutákníð birtist á skjánum.
- Opnaðu rafhlöðuhólf. Fjarlægðu rafhlöðurnar, settu nýjar í og gættu þess að þær snúi rétt.
- Smelltu lokinu á hólfinu á sinn stað.

Til að vernda umhverfið skaltu losa rafhlöðurnar á viðeigandi losunarstöðum samkvæmt reglum lands eða héraðs.



Villur og lausnir

Villuboð	Staða	Lausn
	Engin hreinlætishetta fest á hlustina.	Festu nýja og hreina hettu á.
	Hitamælisneminn var ekki settur þétt í hlustina. Nákvæm mæling tókst ekki. ERROR + hreyfitákn um ranga ísetningu	Gættu þess að neminn sé réttí stöðu og stöðugur. Skiptu um hreinlætishettu og leiðréttu ísetninguna. Ýttu á ræsihnapp og mældu aftur.
	Stofuhiti er ekki innan leyfðra notkunarmarka (10 – 40 °C)	Láttu mælinn vera í 30 mínútur í herberginu þar sem hiti er á bilinu 10 – 40 °C
	Mældur hiti er ekki innan venjulegra hitamarka í manni (34 – 42,2 °C). HI = of hár	Gakk úr skugga um að endi nema og linsa séu hrein og ný hreinlætishetta fest á. Mældu síðan aftur.
	LO = of lágur	
	Kerfisvilla – sjálfsprófunarskjár blikkar stöðugt án þess að honum fylgi pip eða tákn um að mælirinn sé tilbúinn. Ef villan heldur áfram Ef villan heldur enn áfram	Bíddu í 1 mínútu þar til hitamælirinn slekkur sjálfkrafa á sér. Kveiktu síðan á honum aftur. ...endurstílltu mælinn með því að fjarlægja rafhlöðurnar og setja þær í aftur. ... hafðu sambandi við viðskiptavinaþjónustu.
	Hleðsla í rafhlöðum er litil en hitamælirinn virkar samt rétt.	Settu nýjar rafhlöður í.
	Hleðsla í rafhlöðum er of litil til þess að hægt sé að mæla rétt.	Settu nýjar rafhlöður í.
	Kerfisvilla án boða eða rafhlöður tómar	Settu nýjar rafhlöður í. Ef villan helst áfram hafðu þá samband við viðskiptavinaþjónustu.


Viðbótarhettur (LF 40) eru á boðstöðum í flestum verslunum sem selja Braun ThermoScan-hitamæla.

Vöruforskrift

Sýnd hitamörk:	34 – 42.2 °C
Notkunarhitastig:	10 – 40 °C
Geymsluhitastig:	-25 – 55 °C
Notkunar- og geymslurakastig:	10-95% RH (án þéttingar)
Mælieining á skjá:	0.1 °C eða °F
Nákvæmni sýndra hitamarka:	Hámarksvilla í tilraunastofu
35 – 42 °C:	±0.2 °C
Utan þessa sviðs:	±0.3 °C
Klínískt tvímælingargildi	±0.14 °C
Endingartími rafhlöðna:	2 ár/350 mælingar/ 100 mínútur í næturham.
Endingartími: 5 ár	5 ár

Mældum hita er breytt í jafngildi í munni.

Þessi hitamælir er tilgreindur til að virka í einnar loftþyngdar loftþrýstingi eða í hæð með einnar loftþyngdar þrýsting (700 - 1060 hPa).



Með fyrirvara um breytingar án tilkynningar.

Þetta lækningatæki ber CE-merki og er framleitt í samræmi við RoHS-tilskipun 2011/65/EU Evrópusambandsins og aðrar gildandi tilskipanir og/eða reglur, svo sem tilgreint er í samræmisýfirlýsingu ESB.

Fullri ábyrgð á að varan standist staðla er lýst yfir af Kaz Europe Sarl, Place Chauderon 18, CH-1003 Lausanne, Sviss.

ASTM-nákvæmniskröfur skjás í tilraunastofu á bilinu 37 – 39 °C fyrir innrauða hitamæla eru ±0,2 °C en fyrir kvikasilfurs- og rafræna hitamæla eru kröfurnar skv. ASTM-stöðlunum E667-86 og E1112-86 ±0.1 °C

RAFLÆKNINGATÆKI þarfnast sérstakrar aðgátar hvað varðar rafsegulviðsamhæfi (EMC). ATH: Notaðu ekki þetta tæki ef til staðar eru rafsegulstruflanir eða aðrar truflanir utan venjulegs sviðs tilgreinds í EN 60601-1-2. Til að fá nákvæmar lýsingar á EMC-kröfum skaltu fara á vefstæðið (Support / Document center) eða hafa samband við þjónustumiðstöð.

Færnagleg fjarskiptatíðnitæki geta haft áhrif RAFLÆKNINGATÆKI.



Þessi vara inniheldur rafhlöður og endurvinnanlegan raftæknilegan úrgang. Til að vernda umhverfið vinsamlegast losaðu ekki vöruna í heimilissorpið heldur farðu með það á viðeigandi losunarstaði í grenndinni.

Kvörðun

Þessi vara kvörðuð við framleiðslu. Ef hún er notuð í samræmi við notkunarleiðbeiningar er ekki þörf á reglubundinni endurkvörðun. Þessu tæki er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir reglubundna skoðun hjá lækni. Hafðu vinsamlegast samband við lækni ef þú hefur einhverjar efasemdir um niðurstöður mælinganna.

Fyrirspurn

Um hvers konar alvarleg tilvik (svo sem dauða, lífshættuleg meiðsl, skurðaðgerð...) sem verða í sambandi við þennan hitamæli í Evrópu skyldi tilkynna Kaz Europe (sjá viðurkennd þjónustusetur hjá Helen of Troy) og þartilbær yfirvöld í aðildarlöndum.

Tilvísunarnúmer (REF), kenninúmer framleiðslulotu (LOT) og framleiðslunúmer (SN) þarf að gefa upp enda eru þau grundvallaratriði til að skrá og fylgja eftir fyrirspurn þinni eða kröfu. LOT- og SN-númerin er að finna í rafhlöðuhólfinu. Framleiðsludagur er gefinn með LOT-númerinu og lesa má úr því á eftirfarandi hátt:

- Fyrstu 3 tölustafirirnir í LOT-númerinu tákna dag framleiðsluárs. Næstu 2 tölustafir tákna síðustu tvo tölustafina í almanaksári framleiðslunnar og stafirnir aftast gefa til kynna framleiðanda vörunnar (t.d. LOT-númerið 12313tav táknar að þessi vara var framleidd á 123. degi ársins 2013 af framleiðanda með auðkennið tav).

Ábyrgð

Vinsamlegast lesu allar leiðbeiningar áður en þú reynir að nota þetta tæki. Gjörðu svo vel að geyma kvittun sem sönnun um kaupdag. Framvísa þarf kvittuninni þegar hvers konar krafa er gerð innan viðkomandi ábyrgðartímabils. Engin krafa á ábyrgðartímabili verður tekin nema með sönnun um kaupin.

Tæki þitt er í ábyrgð í TVÖ ÁR (2 ár) frá og með kaupdegi.

Þessi ábyrgð nær yfir galla í efni eða smíði sem koma í ljós við eðlilega notkun. Gölluðum tækjum sem fullnægja þessum skilyrðum verður skipt út fyrir önnur án endurgjalds.

Ábyrgðin nær EKKI yfir galla eða skemmdir af völdum misnotkunar eða vegna þess að notendaleiðbeiningum hefur ekki verið fylgt. Ábyrgðin fellur úr gildi ef tækið hefur verið opnað, átt við það eða það notað með íhlutum eða fylgihlutum sem ekki eru frá Braun eða ef viðgerðir hafa verið framkvæmdar af óviðurkenndum aðilum.

Fylgihlutir og einnota hlutir eru undanskildir hvers konar ábyrgð.

Farðu á www.braunhealthcare.com ef þig vantar aðstoð eða skoðaðu upplýsingar um tengiliði aftast í þessari notendahandbók.

Þessi ábyrgð gildir aðeins fyrir Evrópu, Rússland, Mið-Austurlönd og Afríku.

Dreifing:

Donna ehf, Móhella 2, 221 Hafnarfjörður.

S. 555 3100 e-mail donna@donna.is

www.donna.is